



# Fjárfestakynning

Fyrsti ársfjórðungur 2014

# Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2014



## Félagið

- Fyrsti ársfjórðungur 2014 skilaði neikvæðri afkomu. Ávöxtun á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði var almennt fremur lítil eða neikvæð og tjónþungi var meiri en á sama tíma 2013.
- 14 m.kr. tap varð af rekstrinum, samanborið við 711 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2013.
- Á aðalfundi félagsins 13. mars s.l. var samþykkt að greiða arð að fjárhæð 1.831 m.kr. Arðurinn var greiddur til hluthafa 10. apríl s.l.

## Vátryggingarekstur

- Iðgjöld tímabilsins námu 3.861 m.kr. en voru 4.024 á sama tímabili 2013.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 66 m.kr. en var jákvæð um 19 m.kr. fyrsta ársfjórðung 2013.
- Samsett hlutfall á tímabilinu var 102,9% samanborið við 100,4% árið 2013.

## Fjárfestingastarfsemi

- Fjármunatekjur námu 171 m.kr. samanborið við 976 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2013.
- Ávöxtun eignasafns nam 1,9% á tímabilinu á ársgrunni.

## Efnahagur



- Fjárfestingaeignir félagsins námu 36.914 m.kr. samanborið við 36.581 m.kr. í árslok 2013.
- Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var neikvæð um 0,4% á ársgrunni samanborið við 19,2% fyrir sama tímabil árið 2013.
- Gjaldþolshlutfall var 3,74 í lok tímabilsins sem er það sama og í árslok 2013.

Iðgjöld	3.861 m.kr.
Samsett hlutfall	102,9%
Fjármunatekjur	171 m.kr.
Tap	14 m.kr.
Heildareignir	50.183 m.kr.
Fjárfestingaeignir	36.914 m.kr.
Eigið fé	14.779 m.kr.
Gjaldþolshlutfall	3,74
Eign umfram vátryggingaskuld	12.661 m.kr.


# Þróun rekstrar



	m.kr.	3M 2014	3M 2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	3.861	4.024
	Eigin iðgjöld	3.700	3.878
	Fjármunatekjur	171	976
	<b>Heildartekjur</b>	<b>3.919</b>	<b>4.888</b>
	Tjón tímabilsins	-2.974	-3.038
	Eigin tjón	-2.938	-3.021
	Rekstrarkostnaður	-1.001	-999
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-3.946</b>	<b>-4.059</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>-14</b>	<b>711</b>
	Hlutföll	Tjónahlutfall	77,0%
Eigið tjónahlutfall		79,7%	77,9%
Kostnaðarhlutfall		22,7%	21,7%
Endurtr.kostnaðarhlutfall		3,2%	3,2%
<b>Samsett hlutfall</b>		<b>102,9%</b>	<b>100,4%</b>
Eiginfjárhlutfall		29,5%	31,1%
Arðsemi eiginfjár		-0,4%	19,2%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>	<b>3,74</b>	<b>3,88</b>	



# Afkomubrú 1F 2013 – 1F 2014



- 14 m.kr. tap varð af rekstri samanborið við 711 m.kr. hagnað á sama tímabili árið áður.
- Eigin iðgjöld dragast saman frá sama tíma í fyrra, en talsverð samkeppni er á markaði, sem hefur í einhverjum tilfellum haft í för með sér lækkun á iðgjöldum.
- Fjármunatekjur eru mun lægri á fyrsta fjórðungi í ár en á sama tíma í fyrra, en bæði skuldabréfa og hlutabréfamarkaðir hafa verið þungir það sem af er árinu.
- Eigin tjónakostnaður lækkar um 83 m.kr.
- Rekstrarkostnaður stendur í stað á milli ára.

# Efnahagur




m.kr. 31.3.2014 31.12.2013

## Efnahagur

	31.3.2014	31.12.2013
<b>Eignir</b>		
Fjárfestingar	34.149	33.919
Laust fé	2.765	2.662
Viðskiptakröfur	7.955	4.811
Endurtryggingaeignir	1.702	1.426
Aðrar kröfur	1.209	994
Óefnislegar eignir	912	926
Aðrar eignir	1.491	1.516
<b>Eignir samtals</b>	<b>50.183</b>	<b>46.254</b>
<b>Skuldir</b>		
Eigið fé	14.779	16.624
Vátryggingaskuld	30.663	27.083
Viðskiptaskuldir	826	412
Aðrar skuldir	3.915	2.135
<b>Skuldir samtals</b>	<b>50.183</b>	<b>46.254</b>
<b>Hlutföll</b>		
Eiginfjárlutfall	29,5%	35,9%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,74	3,74

## Efnahagur



# Fjárfestingastarfsemi



## Afkoma af fjárfestingastarfsemi

- Ávöxtun eignasafnsins á 1F var slök og nam 1,9% á ársgrunni samanborið við 11,1% á sama tíma 2013.
- Fjárfestingatekjur námu 171 m.kr. á tímabilinu samanborið við 976 á sama tíma 2013.


## Eignasafn

- Markaðir fyrir verðtryggð skuldabréf og hlutabréfamarkaðir voru þungir á tímabilinu.
- Talsverð breyting varð á eignasafni félagsins á 1F, þar sem vægi verðtryggðra ríkistryggðra bréfa í safninu hefur farið minnkandi. Ríkisskuldabréf eru nú rúmur helmingur safnsins.
- Félagið hefur aukið við sig í sértryggðum skuldabréfum banka og fasteignatryggðum skuldabréfum fyrirtækja.
- Talsvert um innkallanir í innlenda fagfjárfestasjóði.
- Ávöxtun skráðra hlutabréfa var slök en ávöxtun innlendra hlutabréfa var þó talsvert betri en ávöxtun OMXI 6 vísitölunnar.
- Krónan styrktist um tæp 2 % á fjórðungnum sem hefur neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna félagsins.


## Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar

- Váttryggingaskuld nam 30.663 m.kr. í lok fjórðungsins.
- Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar voru á sama tíma 43.324 m.kr. eða 12.661 m.kr. umfram váttryggingaskuldina.


## Fjárfestingatekjur



## Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar




## Fjárfestingaeygnir (36.914)



Meðal annarra hlutabréfa eru hlutir í samlagshlutafélögum.


## Breytingar á eignasafni á 1F 2014




# 10 stærstu fjárfestingaeygnir




## 10 stærstu eignir 31.12.13



## Breyting




## 10 stærstu eignir 31.3.14






## Eigin tjónaskuld



## Tjónaskuld

- Vátryggingaskuld VÍS nam 30.663 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs:
  - Tjónaskuld 21.736 m.kr.
  - Iðgjaldaskuld 8.927 m.kr.
- Hlutfall eigin tjónaskuldar af 12 mánaða iðgjöldum hefur farið hækkandi frá 2010 eða úr 117% í 133,9% í lok fyrsta ársfjórðungs 2014.

## Gjaldþol og gjaldþolshlutfall



## Gjaldþol samstæðu

- Reiknað gjaldþol var það sama í lok mars og það var í lok ársins 2013.
- Ekki er tekið tillit til arðgreiðslu fyrir árið 2014.
- Í lok tímabilsins nam gjaldþol 3,74x lágmarksgjaldþol.
- Eiginfjárhlutfall samstæðu nam 29,5% í lok tímabilsins og lækkar frá 35,9% í árslok 2013 m.a. vegna arðgreiðslu sem var skuldfærð á tímabilinu og greidd 10. apríl s.l. og stöðu viðskiptakrafna.


# Lykiltölur síðustu ársfjórðunga




m.kr.                      1F 2013    2F 2013    3F 2013    4F 2013    1F 2014

		1F 2013	2F 2013	3F 2013	4F 2013	1F 2014
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	4.024	3.946	4.058	4.061	3.861
	Eigin iðgjöld	3.878	3.775	3.889	3.906	3.700
	Fjármunatekjur	976	398	1.083	174	171
	<b>Heildartekjur</b>	<b>4.888</b>	<b>4.220</b>	<b>5.005</b>	<b>4.120</b>	<b>3.918</b>
	Tjón tímabilsins	-3.038	-2.799	-2.898	-3.932	-2.974
	Eigin tjón	-3.021	-2.764	-2.868	-3.010	-2.938
	Rekstrarkostnaður	-999	-978	-933	-1.024	-1.001
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-4.075</b>	<b>-3.799</b>	<b>-3.851</b>	<b>-4.034</b>	<b>-3.946</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>711</b>	<b>383</b>	<b>949</b>	<b>111</b>	<b>-14</b>
Hlutföll	Tjónahlutfall	75,5%	70,9%	71,4%	96,8%	77,0%
	Eigið tjónahlutfall	77,9%	73,2%	73,8%	77,1%	79,4%
	Kostnaðarhlutfall	21,7%	21,7%	20,1%	22,0%	22,7%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall					
	I	3,2%	3,5%	3,4%	-18,9%	3,2%
	<b>Samsett hlutfall</b>	<b>100,4%</b>	<b>96,1%</b>	<b>94,9%</b>	<b>100,0%</b>	<b>102,9%</b>
	Eiginfjárhlutfall	31,1%	32,6%	34,7%	35,9%	29,5%
Arðsemi eiginfjár	19,2%	10,0%	23,5%	0,7%	-0,4%	


## Samsett hlutfall




## Hagnaður




## Þróun heildariðgjalda



## Nýskráningar bíla



## Hagvöxtur og vöxtur einkaneyslu



- Tæplega 200 þúsund bílar á skrá í lok mars 2013
  - Að auki eru um 46 þúsund bílar án númera og hefur fjölgað um 6 þúsund frá október 2012
  - Miðað við að nýskráningar séu 10 þúsund á ári tekur 20 ár að endurnýja flotann
- Lítil vöxtur iðgjalda og rauniðgjöld á markaði hafa dregist saman síðustu ár
- Hagvöxtur 2013 borinn uppi af útflutningi, en einkaneysla vex lítið



Um VÍŠ

# Áherslur stjórnenda í rekstri



## Stefna VÍS

### Hlutverk VÍS

er að vera traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum

### Gildi VÍS

Umhyggja - Fagmennska - Árangur

### Starfsáætlun

Unnið er eftir ítarlegri starfsáætlun til næstu tveggja ára

### Framtíðarsýn

Fyrirmyndar VÍS – árslok 2017

## Áherslur stjórnenda

### Váttryggingastarfsemi

Sækja og rækta mikilvæg viðskiptasambönd  
Áhættumat og verðlagning váttryggingaáhættu  
Áhersla á öflugt forvarnarstarf  
Auka ánægju viðskiptavina með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi  
Jákvæð afkoma af váttryggingastarfsemi með samsett hlutfall lægra en 97,8% (2013)

### Fjárfestingastarfsemi

Traust langtímaávöxtun á fjárfestingasafni félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu

### Fjárhagslegur styrkur


Viðhalda sterkri tjónaskuld  
Viðhalda fjárhagslegum styrkleika með gjaldþolshlutfall móðurfélags yfir 4,0

- VÍS er skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. frá 24. apríl 2013.
- VÍS starfar skv. starfsleyfi frá FME og er eftirlitsskyldur aðili.
- Félagið starfar á skaðatryggingamarkaði og á líftryggingamarkaði í gegnum dótturfélagið Lífís.
- Starfsemi og stjórnarhættir VÍS markast af lögum um hlutafélög og váttryggingastarfsemi, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út.
- VÍS fékk í febrúar 2014 vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.
- VÍS er í 12. sæti á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki, og er á listanum fjórða árið í röð.

## Skipulag

- Nýtt skipurit tók gildi frá 1. febrúar 2014 sem skerpir áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
- Skýr verkaskipting og ábyrgð einstakra sviða er snúa að váttryggingastarfsemi.
- Forstöðumaður fjárfestinga mótar og framfylgir fjárfestingastefnu með fjárfestingaráði og stjórn félagsins

## Skipurit VÍS




# Nokkrir lykilþættir úr starfseminni



- VÍS var stofnað árið 1989 með sameiningu Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1917.
- Hefur skilað rekstrarhagnaði í yfir 20 ár samfleytt.
- Arðgreiðslufélag með heimild til kaupa á eigin bréfum.
- Stærsta tryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild.
- Starfsmenn VÍS eru 210.
- Öflugt þjónusunet - 39 þjónustuskrifstofur um land allt.
- Mikil áhættudreifing í viðskiptamannastofni og yfir 80 þúsund viðskiptavinir.
- Vel skilgreind mörk eigin áhættu í endurtryggingastefnu.
- Fjöldi tjóna eru tæplega 30 þúsund á ári.
- Fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfallið 3,7.

## Fjöldi hluthafa VÍS í árslok var um 1.300



■ Einstaklingar ■ Aðrir fjárfestar ■ Lífeyrissjóðir

m.kr.	2010	2011	2012	2013
<b>Rekstur</b>				
Iðgjöld ársins	14.986	15.560	16.460	16.090
Eigin iðgjöld	14.206	15.050	15.871	15.447
Fjármunatekjur	1.594	2.009	3.936	2.631
<b>Heildartekjur</b>	<b>15.898</b>	<b>17.175</b>	<b>19.939</b>	<b>18.233</b>
Tjón ársins	-11.977	-12.772	-12.113	-12.667
Eigin tjón	-11.735	-12.750	-12.067	-11.663
Rekstrarkostnaður	-3.087	-3.608	-4.044	-3.936
<b>Heildargjöld</b>	<b>-15.586</b>	<b>-16.556</b>	<b>-16.256</b>	<b>-15.677</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>204</b>	<b>408</b>	<b>3.025</b>	<b>2.154</b>
<b>Hlutföll</b>				
Tjónahlutfall	80,5%	82,1%	73,6%	78,7%
Eigið tjónahlutfall	82,6%	84,7%	76,0%	75,5%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	20,8%	21,6%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall	2,7%	3,1%	3,3%	-2,2%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>102,8%</b>	<b>106,0%</b>	<b>98,5%</b>	<b>97,8%</b>
Eiginfjárlutfall	31,8%	30,3%	33,3%	35,9%
Arðsemi eiginfjár	1,8%	3,6%	23,2%	13,9%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>	<b>3,4</b>	<b>3,5</b>	<b>3,8</b>	<b>3,7</b>
<b>Efnahagur</b>				
<b>Eignir</b>	<b>35.100</b>	<b>38.190</b>	<b>43.452</b>	<b>46.254</b>
Fjárfestingar	25.471	25.810	30.388	33.919
Laust fé	2.846	4.615	4.318	2.662
<b>Eigið fé</b>	<b>11.146</b>	<b>11.584</b>	<b>14.470</b>	<b>16.624</b>
Vátryggingaskuld	22.615	24.792	26.204	27.083

- Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.
- Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.
- VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.





ÞAR SEM **TRYGGINGAR**  
SNÚAST UM FÓLK